

Sælukot, septemberbyrjun 2007

Sælir foreldrar Sælukotsbúa

Þá er skólastarfið komið á fullt og Sælukotið hefur fyllst af lífi aftur eftir sumarfríð. Byrjunin hefur verið frekar óvenjuleg. Kóngurinn hoppandi um í gifsi og bara annar hver starfsmaður talar íslensku ;) Fullt af nýbúum (nýbyrjaðir í Sjálandsskóla) í kotinu og tveir nýjir starfsmenn. Við erum þess vegna ennþá að þjálfa starfsfólk og nemendur í kerfinu og reglunum auk þess sem að við þurfum að breyta starfinu dálítið.

Þrátt fyrir þessar breytingar þá hafa markmið okkar ekki breyst – í Sælukoti á öllum að líða vel! Þar á að vera fjölbreyttir möguleikar á leik og frelsi til að velja það sem hentar hverjum og einum. Bæði hægt að vera í rölegum og fjörugum leik, innileik eða útileik, hlutverkaleik, íþróttaleik eða í skapandi verkefnum. Það skiptir miklu máli að við kynnumst hvort öðru vel því það auðveldar öll samskipti og eykur líkurnar á góðri samvinnu.

Einhver umræða hefur verið undanfarið meðal mín og stjórnenda skólans um hversu mikla símaþjónustu ætti að veita í Sælukoti. Mér hefur hingað til þótt sjálfsagt að senda börn heim, senda börn út á plan, o.s.frv. þegar foreldrar hringja. Á álagstímum stoppar síminn stundum ekki og þegar foreldrar hringja í 590 3100 í stað 590 3113 (sem að er síminn hjá okkur í Sælukoti) þá eru aðrir starfsmenn skólans hlaupandi til okkar á 5 min fresti með skilaboð. Oftast gerir þetta ekki mikið til og hefur lítið pirrað starfsfólk Sælukots hingað til en þar sem talsverð aukning hefur orðið í barnafjöldanum og íslenskumælandi starfsfólk orðið í minnihluta getur þetta verið tímafrekt. Ég er þá ekki að fylgjast með eða sinna börnunum á meðan. Ég er alls ekki að óska þess að þið hringið ekki. Bara gefa ykkur mynd af breyttri stöðu.

Eins og við sögðum ykkur frá í vor þá er stundarskrá Þórunnar í KHÍ okkur mjög óhagstæð og þess vegna getur hún ekki verið með okkur í vetur. Hún verður í afleysingum í skólanum í staðinn. Stundartafla Kristjáns í félagsfræðinni í HÍ er talsvert betri en hann getur verið með okkur 3 daga í viku. Við höfum verið á höttunum eftir starfsfólki síðan í vor þar sem að auki var fyrirsjáanleg einhver aukning í nemendafjölda. Eins og þið vitið er atvinnuástandið á Íslandi okkur vægast sagt ekki mjög hagstætt. Laun almenns starfsmanns í tómsundaheimili (miðað við 15 tíma vinnuviku) er eitthvað í kring um 50.000 kr fyrir skatt. Og þrátt fyrir að starfið sé skemmtilegt og lærdómsríkt er það líka mjög krefjandi. Svo að það er ekki auðvelt að finna einhvern sem stenst okkar kröfur og vill vinna fyrir þessi laun. Við vorum í rauninni mjög heppin að fá svona áhugasamt og gott fólk eins og Önnu og Vladimar til okkar.

Anna kemur frá Póllandi og hefur háskólagráður í markaðsfræði og kennslufræði. Hún kom til Íslands í vor. Vladimir kom til Íslands mánuði áður en hann byrjaði hjá okkur og hann aðstoðar þar að auki í hádegismat og öðru í skólanum á daginn. Þau eru bæði að vinna á kvöldin í öðrum störfum. Þau eru mjög áhugasöm og hrifin af börnunum og starfinu. Leggja sig óhemju hart fram við að læra íslensku og vonir standa til þess að þau komist á íslenskunámskeið hjá Garðabæ í vetur.

Ég vil hvetja ykkur til að hafa samband við mig ef að þið hafið einhverjar spurningar eða viljið ræða eitthvað í starfseminni eða um börnin ykkar. Ég vil líka minna á sundnámskeiðin sem að Stjarnan er að bjóða Sælukotsbörnunum upp á. Sendi auglýsinguna sem viðhengi. Bæði er hægt að skrá börnin ykkar hjá mér sem og Friðbirni yfirþjálfara. Fljótlega mun ykkur líka berast auglýsing á Legónámskeiði sem að fer í gang núna í mánuðinum.

Bestu kveðjur

Perla (Kóngurinn í Sælukoti)